

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 8. maí 2019

## Efni: Umsögn um 778. mál, Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

Nefndin sendi umhverfis- og auðlindaráðuneyti umsögn sína um drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofun þann 4. september 2018. Nefndin telur að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem hún gerði við drögin þá og ítrekar því nokkur atriði sem enn standa óbreytt í frumvarpinu og nefndin telur þarfnast skýringa.

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að unnið sé að samræmingu á rekstri og umsjón verndaðra svæða landsins. Nefndin bendir þó á að í frumvarpsdrögum sé mikil áhersla lögð á þjóðgarða en lítil áhersla á önnur verndarsvæði, svo sem verndarsvæði Breiðafjarðar, og hvernig þau munu tengjast starfsemi stofnunarinnar. Í því samhengi telur nefndin nafngift stofnunarinnar óheppilega, því starfsemi hennar mun ná mun víðar en bara til þjóðgarða.


Breiðafjarðarnefnd leggur ríka áherslu á að Breiðafjörður njóti viðunandi verndar með skýrri lagasetningu og að lögin séu skýr varðandi stjórn svæðisins. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að stjórn verndarsvæðisins haldist áfram á svæðinu og að sveitarfélögin og fagstofnanir eigi fulltrúa í nefndinni.

Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram hvernig stjórnir í þjóðgörðum eru skipaðar. Í drögum er aftur á móti ekki skýrt kveðið á um stjórnun verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin bendir á að hingað til hefur ríkt sátt um hvernig skipað hefur verið í Breiðafjarðarnefnd skv. lögum nr. 54/1995. Nefndin leggur til að lýsing á fyrirkomulagi stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar verði sett í sérstaka grein í frumvarpinu, eins og gert er um þjóðgarða. Að minnsta kosti þyrfti að gera grein fyrir tengingu umdæmisráðs og Breiðafjarðarnefndar og hlutverki hvors fyrir sig, svo og tengingu nefndarinnar við þjóðgarðastofnun.

Í frumvarpinu kemur meðal annars fram að hlutverk umdæmisráðs sé að „*hafa yfirumsjón með gerð tillögu að stjórnunar- og verndaáætlun fyrir friðlýst svæði í viðkomandi umdæmi, önnur en þjóðgarða og náttúruverndarsvæði þar sem stjórn hefur verið skipuð.*“ Breiðafjarðarnefnd gerir því ráð fyrir að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð verði í höndum nefndarinnar eins og verið hefur. Þetta þyrfti að skýra í frumvarpinu.

Breiðafjarðarnefnd teldi kost að með frumvarpinu fylgdi greinargerð þar sem framtíðarsýn eða heildarstefnumótun fyrir stofnunina yrði skýrð. Í slíkri greinargerð ættu til dæmis heima útskýringar sem undirbyggðu betur hvers vegna þessi nýja stofnun er talin nauðsynleg.

F.h. Breiðafjarðarnefndar,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Erla Friðriksdóttir', written over a horizontal line.

Erla Friðriksdóttir, formaður